

Fundur í umhverfisráði Náttúruskólans, 5. desember 2011 kl. 16:00 í Borgartúni 12-14.

Mættir voru: Helena (fundarstjóri), Jónína, Hafdís, Þórólfur, Jóhanna og Alla (fundarritari).

Eftirfarandi kom fram á fundinum:

Farið yfir síðustu fundargerð. Gátlistinn ræddur og ekki var talin þörf á að yfirfara hann.

Rætt var um hvort lýðheilsa hefði verið kynnt í skólum. Hafdís sagði frá hvernig það er í sínum skóla. Helena talaði um sjálfbærni sem felur í sér umhyggju fyrir eigin velferð og annarra. Einnig var farið yfir hvar væri hægt að setja lýðheilsu í gátlistann:

Kynning og menntun – fræðsla á vegum Náttúruskólans taki mið af verkefnum sem eru hverju sinni. Útinám er ein leið í lýðheilsu. Dagskrá fari eftir þörf og eftirspurn.

Helena tók að sér að skrifa bréf til verkefnahóps Grænfána v/gátlista. Það þarf að endurskoða hann. Gátlistinn ætti að taka mið af stefnu Landverndar hverju sinni. Gátlisti Náttúruskólans taki mið af þemu hans sem hann velur sér.

Markmið og þema Náttúruskólans er lýðheilsa – Heilsueflandi útiverkefni, t.d bjóða upp á námskeið í hláturjoga. Öryggi – gera öryggismat í útinámi. Umhyggja - ?

Dagur vatnsins er 22. mars 2012.

Viðhalda samgöngum – vekja athygli á tengslum útikennslu og heilsueflingu.

- Markmið:
1. Vekja athygli á útikennslu
 2. Leita eftir samstarfi við Lýðheilsustöð.

- Leið:
1. Vekja athygli á degi vatnsins.

Farið aftur yfir fyrri fundargerð.

Námskeiðin komin í strand. Eftirspurn hefur minnkað.

Heimasíðan þyrfti að vera virkari

Helena telur að það virki betur að hún komi í skólana og aðstoði kennara sem og hún hefur reyndar gert.

Önnur mál:

Fjölnota pokar sem fást hjá disir.is

Endurunnar jólagjafir.

Fundi slitið kl. 17:00

Alla